

12. gr.

13

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 25—500 krónum.
Viðurlög við brotum á 2. gr. ferfaldast við hverja ítrekun brotsins upp í hámark sektar.

3. febr.

Sektarfé gangi til Hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 3. febrúar 1939, og eru þá jafnframt fallnar úr gildi eldri fiskveiðasamþykktir fyrir Vestmannaeyjar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

14

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

3. febr.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 10. þessa mánaðar allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 10% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 24. nóvember 1938 um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bindindishöll Reykjavíkur, útgefin á 15
venjulegan hátt, ad mandatum 11. febrúar 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 11. febr.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Bindindishöll Reykjavíkur.

Vér undirritaðir, stofnendur Húsfélags bindindismanna gerum kunnugt, að vér með þessari skipulagsskrá stofnum Bindindishöll Reykjavíkur, sem er sjálfseignar-

15 11. febr. stofnun. Eignir stofnunarinnar eru lóðin nr. 11 við Frikkirkjuveg í Reykjavík með tilheyrandi timburhúsi og útihúsum, innanstokksmunum, skrautgarði og girðingum, er þessu fylgir, og framlag félagsmanna. Á eigninni hvíla ekki aðrar skuldir en þær, sem stofnaðar eru við kaup eignarinnar.

Samkvæmt framanrituðu setjum vér Bindindishöll Reykjavíkur eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að vera samkomustaður og starfsmiðstöð fyrir bindindisstarfsemi, baráttuna gegn áfengisnautn í landinu, þó aðallega í Reykjavík.

2. gr.

Eigi má binda fé stofnunarinnar eða eignir hennar nokkrum veðböndum eða öðrum kvöðum, sem eru óviðkomandi eigninni eða tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Stofnendur eru 12 að tölu, en heimilt er þeim hvenær sem er að bæta mönnum við, allt að því að talan verði 24. Ef einhver þeirra flytur burt, deyr eða fær sig lausan úr félaginu með samþykki félaga sinna, er rétt og skylt að taka nýjan mann í félagið í hans stað, ef þess er kostur.

4. gr.

Félagarnir kjósa úr sínum hóp þriggja manna stjórn. Hún er kosin til þriggja ára og fer einn úr stjórninni á ári hverju. Stjórnin skiptir með sér störfum. Félagið setur reglur um starfsemi sína og félagsfundi.

5. gr.

Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 mönnum, öðrum er dómsmálaráðuneytið tilnefni, en hinum eftir tilnefningu borgarstjórans í Reykjavík. Aðalfundur húsfélagsins úrskurðar reikninginn. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

6. gr.

Peningar þeir, sem stofnunin kann að eiga eða eignast, skulu ávaxtaðir í Landsbanka Íslands.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur gefið Góðtemplarareglunni í Reykjavík kost á að taka stofnunina að sér og allan rekstur hennar, með þeim skilmálum, sem felast í þessari skipulagsskrá og þeim skuldbindingum, er hvíla á eigninni.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta að fengnu samþykki aðalfundar húsfélagsins og þarf $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða með breytingunni.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi Húsfélags bindindismanna þann 15. nóvember 1938.

Jón Gunnlaugsson, formaður.	Pétur Zóphóníasson, ritari.	Flosi Sigurðsson, gjaldkeri.
Pétur G. Guðmundsson.	Gísli Þorbjarnarson.	Páll Jónsson.
Hjörtur Hansson.	Ágúst Ármann.	Páll Þorleifsson.
		Bent Bjarnason.
		Guðmundur Gamalíelsson.